

Mál nr. 48/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar X.

Skaðabótaábyrgð vegna vinnuslyss 31. janúar 2015

Gögn.

Málskot málskotsaðila, dags. 13.2.2017, ásamt fylgiskjölum og bréfi dags. 10. mars 2017.
Bréf V, dags. 24.2.2017.

Málsatvik.

M var við vinnu sína hjá X, við að reisa stálgrind á viðbyggingu við hús skipasmíðastöðvar, þegar hann slasaðist á hendi. Af lögregluskýrslu má ráða að verkið hafi gengið út á að setja þverstífu milli þaksperra í um 10 metra hæð frá jörðu. M fór upp í skæralyftu til að festa bolta í svokallað auga á eyra þverstífunnar sem soðið er við þaksperruna. Var M einn við norð-austurenda stífunnar og samstarfsmaður hans við suð-vesturendann. Það gekk vel hjá samstarfsmanninum að festa boltann þeim megin en það gekk illa hjá M að ná að setja bolta í augað á þverstífunni norð-austanmegin. Stuttu síðar klemmdist hendi M þegar bolti sá sem átti að festa fór úr gati því sem hann átti að vera í.

M telur að X beri skaðabótaábyrgð á afleiðingum slyssins þar sem samstarfsmaður hans hafi stýrt lyftara með þeim hætti að hendi M klemmdist, röng tæki hafi verið notuð við verkið og að X beri sönnunarbyrði um að hafa viðhaft réttar aðferðir við verkið. M mótmælir einnig lýsingum starfsmanns X á atvikum, en ekki þykir nauðsynlegt að rekja þær lýsingar í þaula hér. V telur hins vegar að X beri ekki skaðabótaábyrgð á afleiðingum líkamstjóns M þar sem ekki sé sýnt að rangar aðferðir hafi verið notaðar við verkið. Um hafi verið að ræða óhappatívilik þegar losnaði skyndilega um spennu milli þaksperra eftir að reynt hafi verið að koma bolta í þar til gert auga, án árangurs.

Álit.

Nokkur ágreiningur er um málsatvik milli aðila máls, en sá ágreiningur lýtur fyrst og fremst að því hvort stjórnandi lyftara hafi stýrt honum með þeim hætti að hönd M klemmdist eða hvort lyftarinn hafi einungis verið notaður eftir að hönd M klemmdist. Þó þetta atriði, í lýsingum á þeim atvikum sem leiddu til þess að M slasaðist í greint sinn, sé ekki alveg ljóst verður hins vegar að líta til þess álits sem Vinnueftirlitið setti fram eftir rannsókn á orsökum slyssins. Þar kemur fram það mat Vinnueftirlitsins að vinnubrögð hafi ekki verið fullnægjandi. Það hafi myndast mikil spennu á milli þaksperru og þverstífu sem hafi svo losnað snögglega úr læðingi með þeim afleiðingum að hönd M klemmdist. Þegar litið er til málsatvika í heild, og þess að M var ekki sá sem stjórnaði framkvæmd verksins, verður að taka undir mat Vinnueftirlitsins hvað það varðar að slys M sé hægt að rekja til þess að ekki var réttilega brugðist við þeim vandkvæðum sem voru á því að koma bolta í auga í greint sinn, þar sem M var einn við vinnu upp í sperrunni. Verður slysið ekki rakið til háttsemi hans sjálfs sem metin er til stórkostlegs gáleysis í skilningi 23. gr.a skaðabótalaga nr. 50/1993. Á M því fullan rétt til bóta úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Niðurstaða.

M á rétt á fullum bótum úr ábyrgðartryggingu X hjá V.

Reykjavík, 28. mars 2017.

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.